

AUGLÝSING

(VII) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 999 frá 17. desember 2010 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2010/2011 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélögum:

Vopnafjörður.

Ákvæði reglugerðar nr. 999 frá 17. desember 2010 gilda um úthlutun byggðakvóta Vopnafjarðar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. breytist og verður: Byggðakvóta Vopnafjarðar skal skipta á milli þeirra skipa sem sækja um og uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar þannig: $\frac{1}{4}$ hluta úthlutaðs byggðakvóta 87,5 þorskígildistonnnum, eftir brúttótonnum skips, og $\frac{1}{4}$ hluta úthlutaðs byggðakvóta 87,5 þorskígildistonnnum, jafnt á milli skipa. Eftirstöðvunum sem er $\frac{1}{2}$ hluti úthlutaðs byggðakvóta, 175 þorskígildistonnnum, skal skipt í hlutfalli við landaðan afla í þorskígildum talið, sem landað var á Vopnafirði og/eða Bakkafirði á tímabilinu 1. september 2009 til 31. ágúst 2010. Hvert þorskígildistonn landað á Bakkafirði reiknast sem 0,5 þorskígildistonn á móti hverju 1 þorskígildistonni lönduðu á Vopnafirði.
- b) Ekkert fiskiskip yfir 1.000 brúttótonn fær úthlutun.
- c) Í stað 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar komi þrjár nýir málslíðir svohljóðandi: Fiskiskipum er skylt að landa á Vopnafirði, til vinnslu þar eða á Bakkafirði, á tímabilinu 1. janúar 2011 til 31. ágúst 2011, afla sem nemur, í þorskígildum talið, jöfnu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari og skal úthlutun til þeirra ekki fara fram nema að því leyti sem það skilyrði er uppfyllt skv. vigtunar- og ráðstöfunarskýrslum sem borist hafa Fiskistofu. Fiskistofa skal þó afhenda byggðakvóta til þeirra skipa á Vopnafirði sem fá byggðakvótaloforð nú, vegna afls sem landað var á Vopnafirði og Bakkafirði frá 1. júlí 2010 til 31. desember 2010, þrátt fyrir að þeim afla hafi verið landað á fiskmarkað. Landa þarf jöfnu magni í þorskígildum talið og nemur aflamarki, sem úthlutað er.

Vesturbyggð, Patreksfjörður.

Ákvæði reglugerðar nr. 999 frá 17. desember 2010 gilda um úthlutun byggðakvóta Patreksfjarðar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Ákvæði 1. mgr. 4. gr. breytist og verður: ... miðað við landaðan afla til vinnslu í byggðarlaginu frá 1. janúar 2010 til 31. desember 2010. ... o.s.frv.

Vesturbyggð, Brjánslækur.

Ákvæði reglugerðar nr. 999 frá 17. desember 2010 gilda um úthlutun byggðakvóta Brjánslækjar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. breytist þannig: ... miðað við landaðan afla í þorskígildum talið innan viðkomandi sveitarfélags á tímabilinu 1. september 2009 til 31. ágúst 2010.
- b) Ákvæði 1. másl. 6. gr. breytist þannig: Fiskiskipum er skylt að landa innan sveitarfélagsins og leggja upp hjá fiskmarkaði í sveitarfélaginu afla sem nemur ... o.s.frv.

Vesturbyggð, Bíldudalur.

Ákvæði reglugerðar nr. 999 frá 17. desember 2010 gilda um úthlutun byggðakvóta Bíldudals með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) 1. gr. b-liðar verður: Eru skráð í sveitarfélaginu 1. desember 2010.
- b) Ákvæði 4. gr. breytist og verður: Byggðakvóta Bíldudals, 133 þorskígildistonnnum, skal úthlutað til fiskiskipa samkvæmt lönduðum afla í Vesturbyggð, sem unninn hefur verið á Bíldudal á tímabilinu 1. september 2010 til 31. desember 2010.

Ekkert fiskiskip getur sótt um byggðakvóta nema frá einu byggðarlagi innan Vesturbyggðar.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 24. mars 2011.

F. h. r.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.

Hinrik Greipsson.